

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga. Þar getur verið um að ræða vistheimili, meðferðarheimili, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, sumardvalarheimili og sumarþúðir og önnur heimili sem taka að sér sex eða fleiri börn til uppeldis eða umönnunar til lengri eða skemmri tíma. Börn heimilisfólks sem þar búa skulu talin með dvalarbörnum.	941/2002 3. og 7. gr.	
1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.	941/2002 13.gr	
1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002 7. gr.	
1.4 Greiður aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr	
1.5 Rekstraradili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	941/2002 13.gr	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðahúsnæði og má ekki vera í beinu sambandi við óskylda starfsemi.	941/2002 14.gr	
2.2 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr	
2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr	
2.4 Fullbúin snyrting og baðaðstaða skal vera til staðar. Ekki skulu vera fleiri en 10 íbúar um hverja snyrtingu og baðaaðstöðu með búningsaðstöðu.	941/2002 15.gr	
2.5 Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar. Blöndunartæki á böðum og handlaugum sem almennir notendur eiga aðgang að skulu vera hitastýrð og vatnshiti ekki fara yfir 43°C.	941/2002 14.gr og rg. 112/2012 14.5.10. gr.	
2.6 Ekki skulu notaðar aðrar vistarverur en svefnherbergi eða svefnsalir til svefns. Rúm og aðrir innanstokksmunir skulu hæfa aldri barna. Í svefnslum skal ætla hverju barni a.m.k 4 m <sup>2</sup> . Kojur mega aðeins vera tveggja hæða. Fara skal eftir staðli ÍST EN 747-1:1993.	941/2002 42.gr	
2.7 Börn skulu sofa ein í rúmi. Rúmföt skulu vera til staðar og skulu þau vera heil og hrein og skipt um a.m.k vikulega þegar um lengri dvalartíma er að ræða en tvær vikur. Þegar um er að ræða sumarþúðir og skylda starfsemi og dvalartími er tvær vikur eða skemmri tími er heimilt að hafa svefnpoka í rúmunum, enda sé í rúmunum dýna og lak.	941/2002 42.gr	

2.8	Aðstaða skal vera til tómstunda og innileikja.	941/2002 42.gr	
-----	--	-------------------	--

### 3. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.	941/2002 14.gr	
3.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr	
3.3	Vélrænt loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustu- og rekstrarhandbók handbók skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila, þar sem við á.	941/2002 11. og 14. gr	
3.4	Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Lín skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.	941/2002 42.gr	
3.5	Reykingar eru bannaðar þar sem börn og unglingar eru til dvalar.	Lög nr. 6/2002	
3.6	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið, nema að fengnu samþykki íbúa og forráðamanna barna sem þar dveljast. Heilbrigðisnefnd getur gefið út tímabundið leyfi.	941/2002 19.gr	

### 4. MATVÆLI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Fara skal að ávæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 og 852/2004	

### 5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæðið og umhverfi þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir þá sem þar dvelja. Þetta gildir einnig um ferðir dvalargesta, sem farnar eru á vegum rekstraraðila	941/2002 35. gr. og 37.gr	
5.2	Öll hættuleg efni eins og ræstiefni, málningarvörur og aðrar efnavörur svo og öll hættuleg eða oddhvöss áhöld og tæki skulu geymd í öruggri hirslu þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög 61/2013 og Rg. 941/2002 35. og 37.gr.	
5.3	Forráðamaður er ábyrgur fyrir að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í skyndihjálpi.	Rg. 941/2002 34.gr	
5.4	Sjúkrakassi með nauðsynlegum gögnum skal vera til staðar.	Rg. 941/2002 34.gr	
5.5	Slys og óhöpp skal skrá á þar til gerð eyðublöð og vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti.	Rg. 941/2002 11.gr	
	<b>Liðir 5.6 –5.10 eiga við þar sem ung börn (yngri en 6 ára) eru vistuð.</b>		
5.6	Gólfflötur eldhúss skal ekki vera leiksvæði barna.	Rg. 941/2002 35. gr. 37.gr	
5.7	Opnanlegir gluggar skulu vera þannig gerðir að ekki stafi af þeim hætta.	Rg. 941/2002 35.og 37.gr	

5.8	Öryggishlið skulu vera fyrir stigum. Handrið skulu þannig frágengin að ekki valdi slysaþættu. Bil milli rimla má ekki vera á bilinu 9-23cm. Festa ber hillur, eldavélar o.þ.h. við vegg þannig að ekki sé hætta á falli.	Rg. 941/2002 35. og 37.gr	
5.9	Plöntur inni og úti mega ekki geta valdið börnunum skaða.	Rg. 941/2002 35. og 37.gr	
5.10	Rafmagnstenglar skulu varðir og þannig frágengnir að börnum stafi ekki hætta af og forðast skal lausar snúrur og millistykki.	Rg. 941/2002 35. og 37.gr	

## 6. LÓÐ, LEIKSVÆÐI OG LEIKFÖNG

		Rgl.nr.	Uppfyllt
	<b>Liðir 6.1-6.5 eiga við þar sem ung börn (yngri en 6 ára) eru vistuð.</b>		
6.1	Litir skulu CE merktir og fönðurefni mega ekki innihalda skaðleg efni og skulu standast gildandi reglugerðir varðandi merkingar og innihald. Leikföng skulu hæfa aldri barna og þannig gerð að ekki skapi hættu. Leikföng skulu þrífir eftir þörfum, að minnsta kosti einu sinni á ári.	Lög 61/2013 og Rg. 941/2002 35. gr og 37.gr.	
6.2	Um leikvallataeki og leiksvæði gilda ákvæði reglugerðar nr.942/2002 um öryggi leikvallataekja og leiksvæða.	Rg. 941/2002 35. gr.	
6.3	Farið skal eftir viðeigandi stöðlum um öryggismál.	Rg. 941/2002 35. gr.	
6.4	Eftir aðstæðum skal lóð vera afgirt þar sem hún er jafnframt leiksvæði barna.	Rg. 941/2002 35. gr.	
6.5	Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.	Rg. 941/2002 35. gr.	

## 7. UMHVERFISMÁL

		Rgl.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	Rg. 941/2002 14. gr og 18.gr.	
7.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurnýtingu /-vinnslu úrgangs.	Rg. 806/1999	
7.3	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög 61/2013 og Rg. 941/2002 35. og 37.gr.	
7.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	Rg 798/1999.	

### GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISSKILYRÐUM FYRIR ATVINNUGREIN

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT95): 85.31.1.0 Heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga

#### Helstu forsendur fyrir starfsleyfisskiptum þessum eru:


- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarksþekkingu

- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfsemin.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

**Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Reykjavík 04.01.2018



Kristín Linda Árnadóttir

